

7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	200
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	120
9. Fyrir innköllun	1 100
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	500
11. Fyrir ógildingarstefnu	2 000
12. Fyrir dómsbirtingu	2 000
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	650

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 100 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. apríl 1985. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 252 23. maí 1984 um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1985.

Jón Helgason.

Jón Thors.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-
um ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l.
til 31. ágúst 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l. til 31. ágúst 1985.

Söltuð ufsaflök:	DM. pr. lest cif.
1650/up FF	4 700,00
1250/1650 FF	4 390,00
1100/1250 FF	4 030,00
1000/1100 FF	3 600,00

Verðbil verða 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráfnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.